



Fundargerð stjórnar HSI

Fimmtudaginn 18. mars 2021



Þrettánda fundur 63 stjórnar HSÍ var haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 18. mars 2021 kl. 11.45.

Mættir voru Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson og Davíð B. Gíslason.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. A landslið karla og kvenna
Leik Íslands og Ísraels í Ísrael var frestar sökum þess að Ísland fékk ekki flug til Ísraels en ítrekað voru flug felld niður sem liðið og starfsfólk átti þantað í. EHF hefur ekki tilkynnt um nýjan leikdag. Þá er kvennalandsliðið núna úti í Makedóníu við góðar aðstöðu að undirbúa sig undir forkeppni HM en leikið er um helgina, 3 leikir á þrem dögum.
3. Tímasetning ársþings og formannafundar
Ársþing HSÍ verður 12. apríl nk. og líklegast verður það í fjarfundi. Skrifstofan vinnur að undirbúningi. Formannafundur er síðar í dag þar sem verður farið yfir málefni ársþings.
4. Framboð til stjórnar
Guðmundur B. Ólafsson hefur lýst yfir framboði til áframhaldandi setu sem formaður. Þá hafa Davíð B. Gíslason (varaformaður), Jón Viðar Stefánsson (formaður markaðsnefndar) og Páll Þórólfsson (landsliðsnefnd karla) boðið sig fram til endurkjörs til stjórnar. Karl Daníelsson hefur lýst yfir að hann sækir ekki eftir endurkjöri. Þá hefur Inga Lilja Lárusdóttir boðið sig fram til áframhaldandi setu sem varamaður.
5. Önnur mál

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður mánudaginn 18. mars kl.11.45.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari